

Skólaleikrit

ÞEGAR JÓLIN KOMU OF SEINT

Byggt á samnefndri sögu úr bókinni Jólasögur frá ýmsum löndum
sem Eiríkur Sigurðsson tók saman.

Þórunn Pálsdóttir

Persónur:

SÖGUMAÐUR
MAMMA (SIGRÍÐUR)
PABBI (HELGI)
AFI
AMMA
VINNUKONA (GUNNA)
VINNUMAÐUR (BJÖSSI)

BÖRN:
KALLI
STÍNA
RAGNAR
LÓA
GUMMI
TÓTA
GRÍMUR
RÚNA
LITLA RÚNA
MAGGA

TÆKNIMENN (TJÖLD, LEIKMUNIR)

HESTAR

SÖGUMAÐUR:

Þetta var á aðfangadag jóla. Klukkan var orðin fimm og Sigríður húsfreyja í Engihlíð var að vonast eftir bónda sínum úr kaupstaðnum.

MAMMA SIGRÍÐUR:

Guð hjálpi mér, ef hann hvesir.

SÖGUMAÐUR:

Helgi hafði farið í kaupstaðinn yfir heiðina daginn áður. Hann hafði einn hest undir reiðingi og á honum fullbirgi af rjúpum. Fyrir það ætlaði hann að kaupa eitthvað til jólanna handa heimilinu og jólagjafir handa börnunum.

(Sigríður fer til barnanna).

STÍNA:

Sástu pabba?

RAGNAR:

Er hann ekki að koma með jólagjafirnar?

MAMMA SIGRÍÐUR:

Nei, börnin mín, ég sá ekkert til pabba ykkar og drífan er mjög dimm. En vonandi ratar hann þó heim síðar í kvöld. En nú skulið þið klæða ykkur í sparifötin ykkar og svo borðum við jólamatinn.

(Börnin leita að fötum sínum og Sigríður hjálpar þeim).

RÚNA:

Skórinn minn var hérna rétt áðan en nú er hann horfinn.

(Allir fara að leita að skónum).

GUMMI

(réttir skóinn upp): Hér er hann.

LÓA:

Þetta er ekki skórinn hennar Rúnu heldur Stínu.

TÓTA:

Haha *(Bendir á annan fót Stínu)*. hún hefur farið í skóna hennar Rúnu á annan fótinn. Er það nú vitleysingur.

STÍNA

(reið): Þú getur sjálf verið vitlaus *(Ræðst á hana)*.

GUNNA

(kemur inn): Hvað í ósköpunum gengur á? Svona, verið þið stillt, jólin koma ekki til óþekktaranga. *(Við Sigríði)*. Sigríður mín, kjötið er orðið fullsoðið.

(Börnin fagna með hrópum og köllum).

KALLI

*(kemur fram á sviðið og er dapur á svip): Skyldi pabbi komast yfir heiðina í þessu dimmviðri.
(Þau setjast við borðið og fara með sameiginlega borðbæn).*

ALLIR:

Góði guð, hjálpaðu pabba okkar heim.

SÖGUMAÐUR:

Stína litla hreppti möndluna.

STÍNA:

Ég fékk möndluna, veiii!

SÖGUMAÐUR:

Og verðlaunin voru ofurlítill tuskubrúða sem mamma þeirra hafði búið til.

MAMMA SIGRÍÐUR:

Gjörðu svo vel, Stína mín.

(Kveikir á tveim kertum).

SÖGUMAÐUR:

Fátt var til að gera jólalegt fyrir börnin að máltíð lokinni. Þó fann Sigríður tvö kerti og var kveikt á þeim. Þegar búið var að taka til á borðinu þá sátu þau við það og Kalli las þeim sögu. Það var sagan af Þumallínu.

(Kalli byrjar að lesa úr Þumallínu).

LÓA

(sest hjá Gumma): Fóru María og Jósef ekki til Egyptalands með Jesúbarnið?

GUNNA:

Jú, það er alveg rétt hjá þér, góða mín. En manstu hvers vegna?

LÓA:

Af því að konungurinn ætlaði að drepa barnið.

GUNNA:

Það er alveg rétt hjá þér, dúfan mín.

SÖGUMAÐUR:

Kvöldið leið og ekki batnaði veðrið. Börnunum fannst þetta ekki vera reglulegt jólakvöld. Ekki var hægt að kveikja á jólatrénu, því að engin kerti voru til og svo fannst þeim mamma þeirra vera svo dauf. Líklega var hún hrædd um pabba þeirra. Það var einhver uggur og dapurleiki yfir kvöldinu. Kalli litli leit oft út um gluggann.

RAGNAR:

Hvers vegna kemur pabbi ekki?

(Fer til mömmu sinnar).

MAMMA SIGRÍÐUR:

Veðrið hefur tafið fyrir honum. Hann kemur bráðum.

MAGGA:

Hvers vegna fáum við ekki epli eins og á jólnunum í fyrra?

MAMMA:

Af því að pabbi þinn er með jólaeplin okkar. Þú færð þau á morgun.

SÖGUMAÐUR:

Skömmu síðar fóru þær Sigríður og Gunna að háttu börnin. Sigríður sagði þeim frá Jesúbarninu í Betlehem.

GUMMI:

Hvenær kemur pabbi með flugvélinu handa mér?

GRÍMUR:

Já, og bíl handa mér?

MAGGA:

Og spil handa mér?

MAMMA SIGRÍÐUR:

Pabbi ykkar kemur í nótt, börnin mín. Þið fáið bílinn og flugvélinu á morgun.

SÖGUMAÐUR:

Börnin fóru með bænirnar sínar og sofnuðu bráðlega, öll nema Kalli.

KALLI:

Mamma, heldurðu að pabbi geti ratað yfir heiðina í svona dimmviðri?

MAMMA SIGRÍÐUR:

Við skulum vona það, vinur minn. Við skulum biðja þess að lognið megi haldast í nótt. Guð gefi þér góða nótt, Kalli minn.

SÖGUMAÐUR:

En Sigríður vakti fram eftir nóttu. Hún hlustaði en ekkert heyrðist. Úti var sama snjódrífan en logið hélst. Þegar liðið var á nóttu háttaði Sigríður einnig en gekk illa að sofna. Lokst sofnaði hún þó. Og nóttin helga leið. En þegar fólkíð í Engihlíð vaknaði á jóladagsmorgun var Helgi enn ókominn. Veðrið var bjart og stillt en mikill snjór.

(Börnin vakna upp, teygja sig og geispa).

GRÍMUR:

Er pabbi kominn með bílinn minn, mamma?

LÓA:
Og flugvélina mína?

MAGGA:
Og spilið mitt?

MAMMA SIGRÍÐUR:
Pabbi ykkar er enn ókominn, krakkar mínir.

RÚNA:
Mér finnst bara engin jól vera komin enn þá. Við höfum ekki fengið nein jólaepli og engar jólagjafir.

BÖRNIN:
Já, það er alveg satt, það er ekkert jólalegt.

SÖGUMAÐUR:
Jóladagsmorgunninn leið hægur og kyrrlátur. Börnin voru að bíða eftir að jólin kæmu að Engihlíð.

(Börnin taka dótakassa og taka gullin sín upp úr honum og fara að leika sér).

SÖGUMAÐUR:
Upp úr miðjum degi varð allt í einu uppi fótur og fit á bænum.
(Börnin standa upp og fara að hlusta).
Úti á eyrum sáust koma menn með hesta í taumi. Þegar Helgi og vinnumaðurinn teymdu hesta sína að bænum, stóð allt heimilisfólkið fyrir dyrum úti og bauð þá velkomna.

HELGI PABBI OG BJÖSSI VINNUMAÐUR:
Gleðileg jól, öllsömul.

ALLIR:
Gleðileg jól.

STÍNA:
Pabbi, pabbi gaman að sjá þig *(hrópar og hleypur í fangið á honum)*.

TÓTA:
Hvar eru jólagjafirnar?

RAGNAR:
Komstu með jólaeplin?

LÓA:
Keyptirðu flugvél handa mér?

RÚNA:

Hvar varstu í nótt, pabbi?

SÖGUMAÐUR:

Upp úr pokum komu ekki aðeins jólaeplin, heldur einnig alls konar jólagjafir til barnanna. Bílar, flugvélar, sögubækur, myndabækur, spil, kerti, fataefni og margt fleira. Nú urðu andlit barnanna að einu brosi. Þau kysstu pabba sinn hvert eftir annað. Augun ljómuðu af fögnuði og þau fóru strax að reyna nýju leikföngin á gólfinu og bitu hvert í sitt epli.

HELGI PABBI:

Þakkið þið mömmu ykkar fyrir. Gjafirnar eru líka frá henni.

(Börnin fara til mömmu og þakka henni fyrir).

KALLI:

Nú eru jólin komin.

GUMMI:

Jáahá, nú eru þau komin!

SÖGUMAÐUR:

Og þetta var satt. Nú voru jólin komin að Engihlíð með komu pabba. Hér um bil einum sólahring síðar en vant var. Í Engihlíð ríkti hin sanna jólagleði.

(Öll börnin syngja „Babbi segir“)

Babbi segir, babbi segir,
bráðum koma dýrðleg jól.
Mamma segir, mamma segir,
Magga fær þá nýjan kjól.
Hæ, hæ, ég hlakka til,
hann að fá og gjafirnar,
bjart ljós og barnaspil,
og borða sætu lummurnar.

KALLI

(gengur fram á sviðið og heldur á epli í hendinni):

Það var auðvitað gaman að fá jólagjafirnar (*bítur í eplið*) en þó enn betra að fá pabba aftur.